

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

„Sic semper tyrannis“

Hver stóð á bakvið morðið á Abraham Lincoln?

Ritgerð til B.A.-prófs

Bryndís Gylfadóttir

Kt. 300490-2719

Leiðbeinandi: Guðmundur Hálfðanarson

Mái 2018

Ágrip

Abraham Lincoln var 16. forseti Bandaríkjanna og var hann fyrsti forseti þeirra sem féll fyrir hendi morðingja. Lincoln sigraði í forsetakosningunum árið 1860 og tók við embætti í mars 1861 og var endurkjörinn forseti árið 1864. Andstaða hans við þrælahald yrði leyft í nýjum fylkjum Bandaríkjanna var meðal þess sem hjálpaði honum að sigra forsetakosningarnar árið 1860. Hörð barátta milli Norðurríkjanna og Suðurríkjanna lauk með afnámi þrælahalds í Bandaríkjunum. Bandaríska borgarastríðið hófst í apríl 1861 og því lauk í apríl 1865 með sigri Norðurríkjanna.

Í fjölda skoðanakannana hefur komið fram að bæði sérfræðingar og almenningur í Bandaríkjunum telur Abraham Lincoln mikilvægasta og áhrifamesta forsetann í sögu landsins. Barátta hans gegn útbreiðslu þrælahalds og síðar fyrir afnámi þess hafði mikil áhrif á þjóðfélagsþróun í landinu, en eftir harða baráttu milli Norðurríkjanna og Suðurríkjanna var þrælahald afnumið í Bandaríkjunum með 13. stjórnarskrárviðbótinni árið 1864. Þetta var stór sigur fyrir hann, og líta má hann sem einn mikilvægasta pólitíska sigur sem Bandaríkjaforseti hefur unnið. Lincoln fékk þó ekki að njóta sigursins lengi. Í apríl 1865 var hann myrtur af leikaranum John Wilkes Booth í Ford-leikhúsinu í Washington. Í Bandaríkjunum ríkti djúp þjóðarsorg eftir morðið. Bandaríkjamenn voru ekki einir um það að syrgja hann en fréttir af dauða forsetans bárust um allan heim. Þrátt fyrir að vera farsæll leikari á sviði mun Johns Wilkes Booths ávallt verða minnst sem mannsins sem myrti Abraham Lincoln. Þá kemur að stóru spurningunni: hver stóð að baki morðinu á Abraham Lincoln? Var John Wilkes Booth einn að verki eða var hann það í enn stærra samsæri?

Efnisyfirlit

Ágrip	2
1. Inngangur	4
2. Bandaríska borgarastríðið og morðið á Abraham Lincoln.....	7
2.1 <i>Abraham Lincoln, 16. forseti Bandaríkjanna</i>	8
2.2 <i>John Wilkes Booth – Leikari – Morðingi.....</i>	9
3. Kenningar eða samsæriskenningar	10
3.1 <i>Einfalda kenningin.....</i>	13
3.2 <i>Hin flókna kenning.....</i>	15
3.3 <i>Var varaforseti Lincolns með Booth í samsærinu?.....</i>	17
3.4 <i>Kaþólska kirkjan og aðild hennar að morðinu á Lincoln.....</i>	17
3.5 <i>Otto Eisenschiml og Edwin Stanton.....</i>	18
4. Hvernig endar þessi saga?	21
Niðurlag	26
Heimildaskrá.....	28

1. Inngangur

Árið 1860 var Abraham Lincoln kjörinn 16. forseti Bandaríkjanna, fyrstur manna úr Repúblíkanaflokknum. Abraham Lincoln er almennt talinn einn merkasti forseti Bandaríkjanna, en hann sat í embætti á mjög erfiðum tíma í sögu landsins, þegar bandaríska borgarastríðið stóð yfir. Lincoln var myrtur stuttu áður en að borgarastríðinu lauk formlega. Borgarastríðið stóð frá 1861–1865, en segja má að það hafi mótað að verulegu leyti bandarískt samfélag eins og við þekkjum það í dag.

Lincoln varð ekki mjög vinsæll á meðan hann var forseti, en með dauða sínum varð hann að píslarvotti (e. *martyr*) og hetju í augum þjóðarinnar. Þetta var í fyrsta skipti sem forseti var myrtur í Bandaríkjunum. Daga og vikur eftir morðið ríkti þjóðarsorg í landinu. Þúsundir manna lögðu leið sína til að sjá lík Lincolns í Hvíta húsinu. Talið er að einn af hverjum fjórum Bandaríkjamönnum hafi síðan séð lík forsetans á leið þess til heimabæjar Lincolns, Springfield í Illinois-fylki, þar sem hann var lagður til hinstu hvílu.¹ Þegar Lincoln var kosinn forseti voru yfirvöld í sjö af þeim 15 fylkjum sem leyfðu þrælalald ekki sátt við hann sem forseta og sögðu sig úr sambandinu, það er úr Bandaríkjunum Norður–Ameríku, og stofnuðu nýtt sambandsríki sem kallaðist Suðurríkjasambandið (e. *The Confederate States of America*). Fjögur önnur fylki gengu síðan til liðs við Suðurríkjasambandið eftir að stríðið milli Suðurríkjanna og Norðurríkjanna braust út. Þetta stríð er oftast kallað Bandaríska borgarastríðið (e. *The American Civil War*), en hefur einnig verið kallað Þrælastríðið. Það hófst í apríl 1861 og því lauk réttum fjórum árum síðar, í apríl 1865.²

Stríðið braust út eftir að Lincoln hét því að vernda einingu ríkisins, styrkja lög þess og hefta frekari útbreiðslu þrælalalds í Bandaríkjunum. Frá upphafi hafði Lincoln barist fyrir því að viðhalda ríkjasambandinu, og því lagði hann ekki sérstaka áherslu á að frelsa þræla, en með tímanum snerist honum hugur. Þegar stríðið stóð sem hæst kom hann þeim efnahagsumbótum sem hann vildi sjá í gegn. Árið 1863, þegar stríðið var rétt hálfnað, gaf Lincoln út afnámsyfirlýsinguna (e. *The Emancipation Proclamation*), sem gaf öllum þrælum innan Suðurríkjasambandsins frelsi. Þessi yfirlýsing gerði það að verkum að stríðið breyttist úr því að vernda sambandsríkið yfir í frelssstríð fyrir réttindum þræla.

¹ Kevin Hillstrom og Laurie Collier Hillstrom, *American Civil War. Biographies*. Bls. 277.

² Maldwyn A. Jones, *The Limits of Liberty*, 218–236.

Hinn 14. apríl 1865 er dagur sem Bandaríkjamenn gleyma seint en á þeim degi var Abraham Lincoln forseti Bandaríkjanna myrtur. Með orðum sagnfræðingsins Michaels Burlingames, þá var hann „killed by an assassin’s bullet less than a week after the surrender of Confederate forces, Lincoln left the nation a more perfect Union and thereby earned the admiration of most Americans as the country’s greatest President“.³

John Wilkes Booth var ekki fyrsti maðurinn sem íhugaði að ráða forseta Bandaríkjanna af dögum. Það var reyndar tiltölulega algengt að forsetum bærust líflátshótanir, stundum frá mönnum sem voru ósammála þeim í stjórnámálum, en einnig frá einstaklingum sem voru ekki heilir á geði. Lengst af voru þessar hótanir ekki teknar alvarlega, og fáir trúðu því að einhver myndi láta verða af því að myrða forseta Bandaríkjanna. Aldrei í sögu Bandaríkjanna hafði forseti verið myrtur. Booth og samsærismenn hans voru handsamaðir stuttu eftir morðið og var tekið eftir þessum atburði um allt ríkið. Fullyrða má m.a. að dauði forsetans hafi haft mikil áhrif á það að Norðurríkin og Suðurríkin leystu þau fjölmörgu mál sem komu upp eftir stríðið.⁴

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar verður gerð grein fyrir borgarastríðinu, þrælahaldi í Bandaríkjunum og þeim þáttum sem höfðu áhrif á atburðarásina sem átti sér stað í lok stríðsins. Ásamt því verður farið stuttlega yfir líf Abrahams Lincolns og Johns Wilkes Booths. Í öðrum kafla verður farið ítarlega út í þær samsæriskenningar sem hafa komið fram á þeim 150 árum sem liðin eru frá morðinu á Lincoln. Ýmsar útgáfur hafa sést í gegnum árin og verður fjallað um fjórar þeirra ásamt því að fara stuttlega yfir þær kenningar sem hafa komið upp á sjónarsviðið á síðustu árum. Í þriðja kafla ritgerðarinnar verður rætt um grein Thomas R. Turners, „What Goes Around Comes Around. Americans Interpret the Lincoln Assassination“.

Megintilgangur ritgerðarinnar er að fjalla um morð Johns Wilkes Booths á Abraham Lincoln, ástæður hans fyrir morðinu og spurninguna hvort hann hafi verið einn að verki eða það í mun stærra samsæri. Ýmsar áhugaverðar kenningar verða skoðaðar og að lokum verður gerð grein fyrir því hvernig Bandaríkjamenn hafa fjallað um og túlkað morðið á Abraham Lincoln. Í bókum, greinum og á veraldarvefnum má finna ýmsar samsæriskenningar fræðimanna og leikmanna um morðið á Abraham Lincoln.

³ Michael Burlingame „Abraham Lincoln: Life in Brief“, <https://millercenter.org/president/lincoln/life-in-brief>. Skoðað 3. mars 2018.

⁴ Kevin Hillstrom og Laurie Collier Hillstrom, *American Civil War. Biographies*, bls. 27.

Í stuttu máli þá leita ég svara við spurningunum hvort John Wilkes Booth hafi verið heilinn á bakvið morðið eða var hann einungis þeð í víðtæku valdatafli. Var þetta allt eitt stórt samsæri, verk valdamikilla manna eða verk nokkurra einstaklinga? Og hvernig hafa menn rökstutt helstu samsæriskenningarnar sem hafa komið fram á síðustu 150 árum?

2. Bandaríska borgarastríðið og morðið á Abraham Lincoln

Átökin hófust árið 1861 eftir að Bandaríkin höfðu klofnað vegna afstöðu manna til þrælahalds. Langt og blóðugt borgarastríð braust út og endaði ekki fyrr en árið 1865. Upphaf stríðsins má rekja til forsetakosninganna árið 1860, þegar Lincoln var kjörinn fyrsti forseti Repúblíkanaflokksins. Hann var á móti þrælahaldi á þeim svæðum sem sóttust eftir því að fá viðurkenningu sem fylki í Bandaríkjunum. Í lok desember árið 1860, eða rúmum mánuði eftir kjör Lincolns, ákváðu íbúar Suður-Karólínu fylkis að segja sig úr lögum við Bandaríkin og í júní 1861 höfðu tíu fylki til viðbótar slegist í hópinn og gengið inn í svokallað Suðurríkjasamband. Það voru Suðurríkin sem skutu fyrsta skotinu í stríðinu hinn 12. apríl 1861, en skotmarkið var virki Norðurríkjamanna, Sumter-virki, sem stóð við höfnina í Charleston í Suður-Karólínu. Með því var stríðið hafið. Það má segja að það hafi ekki verið mikið jafnræði meðal aðila stríðsins, því að Norðurríkin voru bæði mun fjölmennari og betur búin vopnum. Aftur á móti var talað um að hershöfðingjar Suðurríkjanna væru snjallari en kollegar þeirra norðanmegin, en þeirra áætlun var einfaldlega sú að verjast árásum Norðurríkjamanna og fá viðurkenningu annarra þjóða sem sjálfstætt ríki. Báðir aðilar mönnumuðu heri sína með sjálfboðaliðum í fyrstu, en þegar það dugði ekki lengur til var herskylda tekin upp, fyrst í Suðurríkjunum árið 1862 og ári seinna hjá Norðurríkjunum. Í upphafi voru herir beggja stríðsaðilanna aðeins skipaðir hvítum mönnum, því að í fyrstu vildi Bandaríkjaþing ekki leyfa frjálsum þrælum og öðrum blökkumönnum að ganga til liðs við her Norðurríkjanna. Þetta breyttist þó árið 1863 þegar þrælum í Suðurríkjunum var gefið frelsi og gengu margir þeirra sem það gátu þá til liðs við Norðurríkin. Fyrsta sigurinn unnu Suðurríkin við Bull Run í Virginíu sumarið 1861, og hinn næsta árið 1862 þegar Norðurríkjunum mistókst að hrekja heri Suðurríkjanna í viðunandi fjarlægð frá Washingtonborg. Þó urðu ekki þáttaskil í stríðinu fyrr en sumarið 1863 þegar Suðurríkin, undir stjórn hershöfðingjans Roberts E. Lees, biðu ósigur eftir þriggja daga bardaga við bæinn Gettysburg í Pennsylvaníufylki. Hinn 3. apríl 1865 féll síðan Richmond í Virginíu, höfuðborg Suðurríkjanna, og nokkrum dögum seinna gafst Lee hershöfðingi upp fyrir Ulysses S. Grant yfirhershöfðingja Norðurríkjanna í Appomattox dómhúsinu í Virginíu. Stríðinu var þar með lokið, eða það héldu alla vega allir, en Suðurríkin áttu eftir að koma enn einu höggi á Norðurríkin.⁵ Hinn 14. apríl 1865 varð

⁵ James McPherson, „A Defining Time in Our Nation’s History“, <https://www.civilwar.org/learn/articles/brief-overview-american-civil-war>. Skoðað 27. febrúar 2018.

Abraham Lincoln fyrir skoti í leikhúsi í Washington og lést af völdum sára sinna daginn eftir. Tilræðismaðurinn var John Wilkes Booth, mikill stuðningsmaður Suðurríkjana, og taldi hann sig vera gera hið rétta í þágu landa sinna. Þegar Booth hafði myrt Lincoln stökk hann upp á sviðið og hrópaði út í salinn: „Sic semper tyrannis [svo fer alltaf fyrir harðstjórum]. The South is avenged“. Eftir það flúði Booth, fótbrottinn, á hesti sínum og eftir 12 daga eltingaleik var hann handtekinn og drepinn af Norðurríkjahermönnum.⁶

2.1 Abraham Lincoln, 16. forseti Bandaríkjana

Það var árið 1860 að Abraham Lincoln var kosinn 16. forseti Bandaríkjana, með aðeins 39% atkvæða, sem er með lægsta fylgi sigurvegara í bandarískum forsetakosningum. Menn voru hræddir við pólitíska stefnu hans, og óttinn við að hann myndi afnema þrælshald leiddi til þess að sjö Suðurríki sögðu sig úr lögum við bandalagið áður en Lincoln var vígður í embætti. Stuttu eftir það fylgdu fjögur önnur ríki og sameinuðust í hinum nýmynduðu Suðurríkjum. Lincoln reyndi að vinna þau aftur á friðsamán hátt, en var þó tilbúinn í það að beita hervaldi ef með þyrfti, til að viðhalda bandalaginu og öllu því sem það stóð fyrir.

Abraham Lincoln ólst upp í Kentucky undir harðri hendi föður síns, Thomas Lincolns, sinnti hann þeirri erfiðisvinnu sem inna þyrfti af hendi á heimilinu. Lincoln var alla tíð í nöp við föður sinn og þann þrönga heim sjálfsþurftarbúskapar sem faðir hans lifði í. Alla sína ævi trúði Lincoln því að hann gæti komist undan þeirri stöðu sem hann fæddist í. Þótt hann hafi hlotið litla sem enga formlega menntun í æsku var hann ávallt hvattur áfram til sjálfsnáms af stjúpmóður sinni, Sarah. Lincoln þótti alltaf vera málsnjall og áráðinn. Um þrítugsaldur var hann orðinn lögfræðingur og hann var kjörinn í fulltrúadeild fylkispingsins í Illinois árið 1834. Árið 1842 giftist Lincoln Mary Todd og eignuðust þau fjóra syni, en tveir þeirra náðu ekki fullorðinsaldri. Árið 1846 var hann kosinn í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, þar sem hann vakti athygli fyrir að berjast gegn þrælshaldi í höfuðborginni. Árið 1856 gekk hann í Repúblikanaflokkinn, en eitt af helstu baráttumálum flokksins var að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu þrælshalds um Bandaríkin. Algert afnám þrælshalds var þó ekki á dagskrá, og þurftu menn eins og Lincoln að sætta sig við að baráttan tæki langan tíma og að þrælshald viðgengist í Suðurríkjunum. Skoðanir hans á þrælshaldi höfðu mótast í barnæsku og taldi hann að þar sem honum hefði tekist að vinna sig upp úr fátækt, ættu allir frjálsir

⁶ Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 67-71; William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 55-57.

menn að geta það líka. Þó svo hann teldi blökkumenn ekki jafna þeim hvítu að atgervi var hann þeirrar skoðunar að þeir ættu að njóta sömu réttinda og hvíti maðurinn, enda væru allir menn skapaðir með sömu réttindi.⁷

2.2 John Wilkes Booth – Leikari – Morðingi

Þrátt fyrir að John Wilkes Booth hafði átt farsælan feril sem leikari minnst Bandaríkjamenn hans aðeins sem mannsins sem myrti Abraham Lincoln. Hann fæddist inn í stóra fjölskyldu árið 1838 í Marylandfylki. Systir hans, Asia, var sá meðlimur fjölskyldunnar sem studdi hann mest í lífinu og voru þau tvö óaðskiljanleg. Með aðstoð systur sinnar komst hann í gegnum skóla. Hann vakti ekki mikinn áhuga annarra á unga aldri. Líkt og margir úr fjölskyldunni dróst John inn í leikhúsheiminn og átti þar mjög farsælan feril. Eftir að hafa starfað í leikhúsi í Fíladelfíuborg í eitt ár, pakkaði hann saman föggum sínum og hélt til Richmond í Virginíu. Honum var lýst sem dökkhærðum og myndarlegum með mikla hæfileika á sviði, og naut hann verulegrar kvennhylli.⁸

Upphaf bandaríska borgarastríðsins hafði mikil áhrif á John Wilkes Booth, en hann lofaði þó móður sinni að skrá sig ekki í her Suðurríkjamanna. Hann hélt því áfram að ferðast um Bandaríkin og taka þátt í fjölda leiksýninga. Í nóvember 1863 lék hann í leikritinu *The Marble Heart* í Ford leikhúsinu, en meðal sýningargesta voru Abraham Lincoln og eiginkona hans, en þetta var í eina skiptið sem Lincoln sá Booth í leiksýningu.⁹ Árið 1864, eftir að hafa farið illa að ráði sínu í fjármálum, átti Booth litla sem enga peninga, en á þeim tíma var hann farinn að skipuleggja rán á Lincoln. Eftir misheppnaða tilraun til að ræna Lincoln ákvað Booth að myrða forsetann frekar en að ræna honum. Lincoln hélt ræðu hinn 11. apríl 1865 þar sem hann ræddi um ósigur Roberts E. Lees, yfirhershöfðingja Suðurríkjanna, í Richmond og að hann ætlaði að berjast fyrir því að svartir fengju kosningarétt. Það var eftir þessa ræðu sem Booth ákvað að nú ætti Abraham Lincoln að deyja. Í reiði sinni sagði Booth þessi orð við samsærismann sinn David Herold, „Now, by God, I'll put him through“, og þremur dögum síðar stóð hann við orð sín.¹⁰

⁷ Kevin Hillstrom og Laurie Collier Hillstrom, *American Civil War. Biographies*, bls. 265-278.

⁸ Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 56-61.

⁹ Michael W. Kauffman, *American Brutus*, bls. 125.

¹⁰ Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 56-62.

3. Kenningar eða samsæriskenningar

Fræðimenn hafa almennt ekki tekið samsæriskenningar alvarlega, og þá allra síst sagnfræðingar. En hvernig eigum við þá að flokka samsæriskenningar? Best væri að flokka þær undir pólitíska sagnfræði, því að flest allar samsæriskenningar tengjast pólitík á einhvern hátt. Samsæriskenningar hafa reyndar orðið æ vinsælli á undanförunum árum, um leið og fræðimenn hafa gert sitt til að afsanna margar þekktar samsæriskenningar, líkt og William Hanchett gerir við kenningu Otto Eisenschims, eins og fjallað verður um síðar í ritgerðinni. Ef við reynum að lýsa samsæriskenningum með stuttri útskýringu gæti hún hljómað þannig að þær snúist um það að skýra sögulega atburðarás með tilvísun í samsæri, sem oftast er skipulagt af stjórnvöldum, opinberberum stofnunum eða valdamiklum hópum. Þær ganga líka iðulega gegn hefðbundnum skilningi okkar á atburðum og staðreyndum.

Það eru til margar bækur um hinar ýmsu samsæriskenningar, og má þar nefna bók Davids M. DeWitts, *The Assassination of Abraham Lincoln and Its Expiations, The Death of Lincoln: The Story of Booth's Plot* eftir Clara Laughlin, bók George S. Bryans, *The Great American Myth*¹¹ og bók Michael W. Kauffmans, *American Brutus: John Wilkes Booth and the Lincoln Conspiracies*, sem gefin var út árið 2004. Þar segir Kauffman meðal annars að Booth hafi verið meistari í því að ráðskast með fólk og að hann hafi ekki verið sá heimskingi sem margir hafi talið hann vera.¹²

Sagnfræðingurinn og blaðamaðurinn David Aaronovitch gaf út fyrir nokkrum árum áhugaverða bók, *Voodoo Histories: How Conspiracy Theory Has Shaped Modern History*, sem fjallar einmitt um samsæriskenningar og sagnfræði. Þótt umfjöllun hans sé fyrst og fremst um kenningar sem tengjast samtímasögu, þá segir hann margt gagnlegt um það hvernig samsæriskenningar geta mótað söguna og sagnfræði.

En hvað er samsæri? Það er hægt að skilgreina samsæri á tvennan hátt. Fyrri skýringin hljómar svo, með orðum Aaronovitch: „ef samsæri er túlkað sem það þegar tveir eða fleiri einstaklingar koma saman til að skipuleggja ólöglega, leynilega eða siðlausa aðgerð, þá getum við öll samþykkt að það er til nóg af samsærum ... en samsæriskenning er hins vegar, eitthvað allt annað“.¹³ Aaronovitch nefnir útskýringar

¹¹ William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 114-117.

¹² Michael W. Kauffman, *American Brutus*.

¹³ „If a conspiracy is defined as two or more people getting together to plot an illegal, secret or immoral action, then we can all agree that there are plenty of conspiracies....A conspiracy theory, however, is something rather different“. David Aaronovitch, *Voodoo Histories*, bls. 4-5.

tveggja sagnfræðinga. Annars vegar er það Daniel Pipes, sem segir að samsæriskenning sé einfaldlega kenning um samsæri sem átti sér aldrei stað í raunveruleikanum.¹⁴ Hins vegar setti bandaríski sagnfræðingurinn Richard Hofstadter fram þá skýringu á öfgakenndum samsæriskenningum að þær einkennist af því að þeir sem aðhyllast þær líti á meint samsæri sem bæði gríðarlega umfangsmikil og sögulega mikilvæg frekar en að þeir sjái endilega samsæri í hverju horni.¹⁵ Aaronovitch telur þessar útskýringar ekki nógu sannfærandi. Að hans mati getur útskýring Pipes ekki staðist, því að ef hann hefði rétt fyrir sér þá væru samsæriskenningar hreinn skáldskapur, en samkvæmt honum væru öll samsæri í raun alltaf kenningar þangað til þau eru framkvæmd. Honum finnst skoðun Hofstadters heldur ekki góð, þ.e. að umfang meints samsæris skipti máli.

Í bókinni *The Lincoln Murder Conspiracies* fjallar höfundurinn, William Hanchett, um það hversu margar bækur hafi verið gefnar út sem fjalli um forseta Bandaríkjanna í borgarastríðinu, um leið og margir höfundar afsaki það að þeir séu að gefa út enn eina bókina um Lincoln. Þetta er sannarlega rétt athugað, því það hefur verið gefinn út fjöldinn allur af bókum um Lincoln og valdatíð hans og samkvæmt Hanchett eru það gæðin en ekki magnið sem skiptir mestu máli. Hanchett bendir á að flestir Bandaríkjamenn viti lítið um atburðarásina í kringum morðið á Lincoln, því að þeir þekki bara smá brot af því sem gerðist, það er um það sem gerðist í Ford leikhúsinu og leikritið sem sýnt var og út frá því telji fólk sig þekkja atburðarásina. Allt frá því að Lincoln var myrtur árið 1865 hafa komið fram ýmsar samsæriskenningar, sem byrjuðu fyrst hjá stjórnámálamönnum og síðan hinum ýmsu höfundum bóka og blaðagreina, fræðimanna og ólærðra, þar sem menn hafa gripið á lofti ýmsar kenningar og komið þeim á framfæri sem sannleikanum, þó svo þeir hafi engar haldbærar heimildir um þær. Það var þó ekki fyrr en á þriðja áratug 20. aldar sem þessar sögusagnir náðu verulegu flugi þegar rithöfundar settu fram ýmsar furðulegar kenningar og meintar staðreyndir bara í þeim tilgangi að ná sem mestri athygli, en það leiddi síðan til þess að fleiri fóru að skrifa um hinar fólsku kenningar. Hanchett velti fyrir sér hver áhrifin af þessum kenningum á ritun hinnar sönnu sögu hafi verið en hann telur „að frá árinu 1937 hafi vandamálið verið að Gresham lögmálið hafi ríkt í skrifum um morðið á Lincoln: „slæmar bækur, tilfinningaþrungnar bækur, ýta burt góðu bókunum og yfirgnæfa

¹⁴ „A conspiracy theory is simply a conspiracy that never happened, that it is “the nonexistent version of a conspiracy“. David Aaronovitch, *Voodoo Histories*, bls. 5.

¹⁵ „what distinguished the true “paranoid” conspiracy theory was its scale, not that “its exponents see conspiracies or plots here and there in history, but that they regard a “vast” or “gigantic” conspiracy as the motive force in historical events“. David Aaronovitch, *Voodoo Histories*, bls. 5.

viðhorf almennings. Kenna má sagnfræðingum um þessar óheppilegu staðreyndir“.¹⁶ Gresham-lögmálið gengur út á það að slæmur gjaldmiðill þrýsti góðum úr umferð.¹⁷ Í þessari yfirlit merkingu á Hanchett við það að þau hundruð slæmra bóka, heimildamynda og kvikmynda um þennan merka mann hafi hreinlega kæft raddir þeirra sem segja satt frá. „The history of Lincoln’s assassination is full of lunacies“, segir William Hanchett um það sem skrifað hefur verið um morðið á Lincoln í bók sinni.¹⁸

Í grein sinni í bókinni, *The Lincoln Assassination Riddle*, tekur Thomas Turner með útskýringu hvernig túlka megi aðferðafræði sagnfræðinga:

Á meðan nýjar aðferðir og nálgun á efni getur stundum leitt til gagnlegra niðurstaðna, hafa margir gagnrýnendur bent á að sagnfræðilegar aðferðir byggist oftast á afleiðslu frekar en aðleiðslu. Sagnfræðingurinn byrjar á því að safna saman helstu gögnum, sem síðan eru könnuð ítarlega til að sjá hvaða niðurstöður koma fram; annars er hætt á því að einfaldlega sé safnað gögnum sem styðja þá niðurstöðu sem lagt var upp með áður en rannsóknin hófst.¹⁹

En ólíkt sagnfræðingum nota samsæriskeningamenn frekar þá aðferð að koma með kenningu, og finni síðan einhverjar upplýsingar til að styðja hana, þó svo þær séu ekki endilega áreiðanlegar heimildir.

Þegar skoðaðar eru heimildir um morðið á Lincoln verða samsæriskeningar fljótt á vegi manns. Það er staðreynd að Abraham Lincoln var myrtur árið 1865, og það er líka vitað – og flest allir viðurkenna það í dag – að það var John Wilkes Booth sem myrti Lincoln, en það eru ekki allir sammála því að hann hafi verið einn að verki. Til eru menn, jafnvel sagnfræðingar, sem geta einfaldlega ekki trúað því að Booth hafi getað framið svona mikilvægan verknað óstuddur, þessi venjulegi leikari. Á þeim 150 árum sem liðin eru frá morðinu hafa menn þannig sett fram ýmsar getgátur um aðild Booths að morðinu: var hann verkfæri í höndum Suðurríkjamanna eða var morðið hluti af mun stærra samsæri en menn hafa gert sér grein fyrir. Þó svo að flest allir viðurkenni

¹⁶ „The trouble is that since 1937 a kind of Gresham’s law has operated in the field of Lincoln’s assassination: the bad books, the sensational books, drive away the good books and dominate the public opinion. For this unfortunate fact, professional historians are largely to blame.“ William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 3.

¹⁷ „Gresham’s Law“, George Selgin, <https://eh.net/encyclopedia/greshams-law/>. Tekin 24. febrúar 2018.

¹⁸ William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 241.

¹⁹ „While new methodology and a fresh approach can sometimes yield productive results, some critics have pointed out that the historical method is usually deductive rather than inductive. The historian starts with collecting basic evidence, which is then analyzed to determine what conclusion emerge; otherwise there is danger of simply collecting evidence to support a conclusion reached before any research has commenced.“ Thomas R. Turner, „What Goes Around Comes Around. Americans Interpret the Lincoln Assassination“, bls. 196.

það að Booth hafi framið verknaðinn eru margir sem velta því fyrir sér hvort mun fleiri hafi verið að verki og hvort eitthvað stærra hafi búið að baki en reiði eins manns. Allt frá því árið 1865 hafa menn leitað að sannleikanum.

Það er vitað að hinn 14. apríl árið 1865 skaut John Wilkes Booth Abraham Lincoln, en strax í upphafi spurðu menn sig ýmissa spurninga um það hvort John Wilkes Booth hafi verið einn ábyrgur fyrir morðinu eða hvort hann hafi einfaldlega verið það í stærra samsæri. Hér að ofan var því lýst hvernig leikarinn Booth skipulagði og framkvæmdi morðið á Abraham Lincoln og það rætt hvort yfirvöld í Suðurríkjunum hafi tengst málinu. Hér fyrir neðan verður aftur á móti fjallað um þær samsæriskenningar sem notið hafa hvað mestrar athygli síðan 1865, ásamt nokkrum sérlega furðulegum kenningum um morðið á forsetanum.

Fyrsta kenningin er sú að sjálfur varaforseti Bandaríkjanna, Andrew Johnson, hafi verið í tygjum við Booth. Rökin fyrir þeirri kenningu eru þau að nokkrum klukkutímum fyrir morðið heimsótti Booth hótelið sem Johnson gisti á, og að hann hafi skilið þar eftir skilaboð á miða til varaforsetans. Einkaritari Johnsons viðurkenndi fyrir herrétti að hann hafi séð þennan miða í boxi í eigu varaforsetans síðar þennan dag.²⁰ Önnur vinsæl kenning er sú að kaþólska kirkjan hafi skipulagt morðið á Lincoln. Í bók sinni *The Lincoln Assassination Encyclopedia* fjallar höfundurinn, Edward Steers yngri, m.a. um samsæriskenningar sem spruttu upp stuttu eftir morðið á Lincoln. Þar nefnir hann sögusagnir sem Thomas Harris, meðlimur herðómstólsins, kom af stað, en Harris trúði því að sjálfur Pius IX páfi hafi fyrirskipað morðið á Lincoln og að hann hafi fengið ameríska Jesúíta til að fremja verknaðinn. Árið 1886 skrifaði fyrrum kaþólskur prestur, Charles Chiniquy, bókina *Fifty Years in the Church of Rome*, þar sem hann reynir að sýna fram á að morðið á Abraham Lincoln hafi verið samsæri skipulagt af kaþólsku kirkjunni. Allt þetta hófst með skrifum fréttamannsins George Alfreds Townsends, en hann hélt því fram að allir samsærismennirnir hafi verið kaþólskir. Þetta var reyndar ekki rétt, því að aðeins þrír þeirra voru kaþólskir.²¹

3.1 Einfalda kenningin

Hin einfalda kenning er sú sem flestir hafa lesið um og þekkja, en þá kenningu má finna í flestum viðurkenndum sagnfræðiritum sem fjalla um morðið á Abraham Lincoln og borgarastríðið sjálft. Hún gengur út á það að John Wilkes Booth hafi skipulagt morðið

²⁰ Michael W. Kauffman, *American Brutus*, bls. 221-222, 396.

²¹ Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 123.

og myrt Abraham Lincoln. Upphaflega ætlaði hann bara að ræna forsetanum og fara með hann til Richmond, í því skyni að fá honum skipt fyrir Suðurríkjafanga sem höfðu verið handsamaðir í borgarastríðinu. Aftur á móti gengu upprunalegar áætlanir ekki eftir þar sem forsetinn lét ekki sjá sig á þeim stað þar sem Booth hafði ætlað að ræna honum. Þá var breytt yfir í þá áætlun að myrða forsetann. Þetta er hin einfalda kenning sem skrifað hefur verið um í bókum og kennd er í skólum, en hún gengur út á það að John Wilkes Booth hafi verið leiðtogi lítills hóps samsærismanna, sem réðu Abraham Lincoln af dögum, og enduðu flestir sjálfir með því að vera teknir af lífi.

Orsakir morðsins, samkvæmt þessu, voru þær að leikarinn John Wilkes Booth var kynþáttahatari sem studdi Suðurríkin eindregið. Hatur hans á Abraham Lincoln stafaði af því að forsetinn táknaði allt það sem Booth var á móti og hann kenndi Lincoln um allar þær hremmingar sem riðu yfir Suðurríkin. Með morðinu vildi Booth fá réttlæti fyrir Suðurríkin. Booth hóf að skipuleggja ránið á forsetanum sumarið 1864, og þegar árið 1865 gekk í garð var hann búinn að fá þó nokkra menn til liðs við sig, það er samsærismenn. Þar á meðal má nefna Samuel Arnold, John Surratt, Lewis Powell (eða Payne/Paine), George Atzerodt, Michael O'Laughlen og David Herold, en þar að auki átti Booth samskipti við lækinn Samuel Mudd. Þessir menn hittust gjarnan á gistiheimili í eigu Mary Surratt, móður Johns Surratts, en hún var síðar ákærð fyrir þátt sinn í morðinu með hinum samsærismönnum.

Eftir að fyrsta áætlun Booths, ránstilraun hans á forsetanum, misheppnaðist ákvað Booth að reyna næstu áætlun, það er að myrða Lincoln, en það tók innan við 28 daga að skipuleggja seinni áætlunina. Tveimur dögum eftir að Norðurríkin sigruðu Suðurríkin 9. apríl 1865 í Appomattox hélt Lincoln ræðu í Hvíta húsinu þar sem stór hópur fólks kom saman til að fagna, en Booth og nokkrir af fylgismönnum hans voru þar. Sú ræða ýtti undir það að Booth vildi myrða Lincoln, en í ræðunni talaði Lincoln um að gefa vissum hópi blökkumanna kosningarétt. Þar með var það ákveðið að myrða Lincoln, þó ekki bara hann, heldur ákváðu samsærismennirnir að myrða einnig varaforsetann, Andrew Johnson, og utanríkisráðherrann (e. *the Secretary of State*), William Seward. Þessar þrjár árásir áttu að gerast á sama tíma, föstudaginn 14. apríl klukkan 22:15, og ætlaði Booth sjálfur að myrða Lincoln, en George Atzerodt átti að fara á eftir Johnson og Lewis Powell á eftir Seward. Í samræmi við fyrri áætlanir, réðst Booth inn í stúkuna þar sem Lincoln sat og horfði á leikritið *Our American Cousin* í Ford leikhúsinu, og skaut hann í hnakkann. Eftir lítilsháttar átök við Henry Rathbone, sem var með Lincoln hjónunum á leikritinu, stökk Booth niður á sviðið, en hann brákaði

vinstri fótinn í stökkinu. Margir þeirra sem sátu í leikhúsinu töldu sig heyra Booth kalla *sic semper tyrannis*, (e. *as always the tyrants* eða *thusever to tyrants*), það eru hins vegar margir sem trúa því ekki að Booth hafi öskrað þessi orð. Booth hljóp síðan út um bakdyrnar á leikhúsinu, hoppaði á bak hesti sínum og náði að flýja borgina með því að nota Navy Yard brúna.²²

Sagnfræðingurinn Michael W. Kauffman skrifaði ítarlega bók, *American Brutus. John Wilkes Booth and the Lincoln Conspiracies*, um John Wilkes Booth og þær kenningar sem hafa komið fram um morðið á Lincoln, en bókin er góð heimild sem styður hina einföldu kenningu. Þar einblínir Kauffman á Booth sjálfan, allt frá því hvernig Booth komst að þeirri ákvörðun að myrða Abraham Lincoln. Kauffman er einn af þeim fræðimönnum sem var ósammála því að Booth hafi verið það hjá Suðurríkjamönnum, að hann hafi verið, eins og einfalda kenningin snýst um, heilinn á bakvið morðið á Lincoln. Bók Kauffmans er góð lesning fyrir þá sem vilja sjá hina hliðina, líf og síðar plön Booths, þó svo að á tímum dragi Kauffman þráðinn aðeins of langt.²³

Þetta er sú saga og sá veruleiki sem flestallir trúa á. En aðrar kenningar og flóknari eru á kreiki, eins og til dæmis kenningin um þátttöku kaþólsku kirkjunnar í skipulagningu morðsins og að hermálaráðherra Lincolns hafi verið aðili að morðinu.

3.2 Hin flókna kenning

Fræðimaðurinn Edward Steers Jr. er einn af þeim sem hefur skrifað hvað mest um allt sem tengist Abraham Lincoln. Allt frá árinu 1992 hefur Steers rannsakað og skrifað fjöldann allan af bókum um morðið á Lincoln, meðal annars *The Escape and Capture of John Wilkes Booth* frá 1992 og *The Blood on the Moon* frá árinu 2001.²⁴

Það er erfitt starf að vera forseti Bandaríkjanna, en það er ekki síður snúið að sjá um öryggi forsetans. Þetta var sannarlega raunin hvað varðar þá sem sáu um öryggi Lincolns. Í um þrjú og hálf ár reyndist Lincoln erfiður við hermálaráðherrann, Edwin Stanton, og yfirmann alríkislögreglunnar í höfuðborginni, Ward Hill Lamon, en Lincoln neitaði allri vernd.

Óánægður með öryggi Lincolns, ákvað Stanton hermálaráðherra í desember árið 1863 að staðsetja riddaralið við Hvíta Húsið sérstaklega til að verja forsetann þegar hann ferðaðist um

²² Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 72-80.

²³ Michael W. Kauffman, *American Brutus*, bls. 9-16.

²⁴ Edward Steers Jr., <https://www.loc.gov/loc/lincoln/steers-bio.html>. Tekin 31. janúar 2018.

svæðið. Ólíkt Lamon, leitaði Stanton ekki eftir samþykki Lincolns heldur hélt áfram með áform sín... Lincoln mislíkaði við verðina, honum fannst þeir vera óþarfir og ágengnir, og átti hann það til að gleyma að segja vörðum eða aðstoðarmönnum að hann væri að fara.²⁵

Í þessi þrjú og hálf ár ferðaðist forsetinn um Washingtonborg frjáls ferða sinna og óttaðist ekki um eigið öryggi. Það var ekki fyrr en í október 1864 að hann samþykkti að fá vernd, en á þeim tíma höfðu Suðurríkjamenn skipulagt í það minnsta þrjár mismunandi áætlanir um að ræna forsetanum, og einnig tvær áætlanir um að myrða hann, en engar af þeim urðu að veruleika. Sú hugmynd að yfirvöld í Suðurríkjunum hafi átt einhvern þátt í morðinu á Abraham Lincoln komst mjög fljótt á kreik, en það hefur reynst erfitt að færa sönnur fyrir þeim sögusögnum. Það er þó vitað að Booth átti í samskiptum við háttsetta menn um að aðstoða Suðurríkin í stríðinu. Í réttarhöldunum yfir einum samsærismannanna, George Atzerodt, kom fram að Booth hafi vitað um áætlun Suðurríkjana um að sprengja upp Hvíta húsið. Einnig eru til sannanir fyrir því að Booth hafi átti í samskiptum við Suðurríkjamenn í Kanada. Einnig er vitað að Andrew Johnson, þá orðinn forseti Bandaríkjana, hafi gefið út handtökuskipun á hendur Jefferson Davis, forseta Suðurríkjasambandsins, vegna meintra tengsla hans við morðið á Lincoln. Í bók þeirra Williams A. Tidwells, James O. Halls og Davids Winfreds Gaddys, *Come Retribution: The Confederate Secret Service and the Assassination of Lincoln*, frá árinu 1988 er fjallað um þá kenningu að Suðurríkin hafi átt aðild að morðinu á Abraham Lincoln. Hún snýst um það að Booth hafi verið njósnari á launaskrá Suðurríkjamanna og hafi unnið að því að safna saman samsærismönnum, í fyrstu til að ræna Lincoln en síðar til að myrða hann. Þó svo að sumum finnist þessi kenning ekki geta staðist eru margir sem trúa henni, meðal annars sagnfræðingar. Abraham Lincoln var greinilega þrándur í Götu Suðurríkjana, því að hann barðist gegn því sem þau stóðu fyrir, en mörgum finnst þó ótrúlegt að Suðurríkin hafi átt beina aðild að morðinu á forseta Norðurríkjana.²⁶

²⁵ „Dissatisfied with Lincoln’s safety, Secretary of War Stanton, in December of 1863, ordered a cavalry detail assigned to the White House to specifically to guard the president when he traveled about the area. Unlike Lamon, Stanton didn’t seek Lincoln’s approval but moved ahead on his own ... Lincoln disliked the guard, feeling it unnecessary and intrusive, and would slip off failing to inform his guards or aides that he was leaving.“ Edward Steers Jr., *Blood on the Moon. The Assassination of Abraham Lincoln*, bls. 22-23.

²⁶ Edwards Steers Jr., „John Wilkes Booth’s Confederate Connection”, bls. 19-33.

3.3 Var varaforseti Lincolns með Booth í samsærinu?

Ein lífseig samsæriskenning er sú að varaforseti Lincolns, Andrew Johnson, hafi átt þátt í morðinu á forsetanum. Sú kenning byggist á því að stuttu fyrir morðið á Lincoln á Booth að hafa heimsótt Kirkwood hótelið í Washington, þar sem Andrew Johnson var búsettur. Þegar Booth kom á staðinn var Andrew Johnson ekki á staðnum. Booth ákvað þá að skilja eftir skilaboð handa forsetanum, sem sett var í pósthólf einkaritara varaforsetans, Williams A. Brownings, en á miðanum stóð: „Don't wish to disturb you; are you at home? J. Wilkes Booth“. Þegar Browning kom á hótelið hélt hann í fyrstu að miðinn væri til sín, vegna þess að hann hafði hitt Booth í nokkur skipti áður en hann kom til Washington. Eftir að Lincoln var myrtur breytti hann um skoðun og taldi að miðinn hefði verið ætlaður Andrew Johnson. Draga ýmsir þá ályktun af því að Booth hafi ætlað að bendla Johnson við morðið á Abraham Lincoln. Edward Steers Jr. telur þetta þó vera fjarri lagi. Afhverju ætti Booth að hafa viljað bendla morðið við Johnson, þegar það var alltaf hluti af áætlun Booths að George Atzerodt myndi myrða Andrew Johnson. Og þar með telur Steers að markmiðið með heimsókn Booths á hótelið hafi einfaldlega verið það að hitta Browning og að skilaboðin hafi verið til hans, allt í þeim tilgangi að fá upplýsingar frá honum um ferðir Andrews Johnsons svo það væri vitað hvar hann yrði kvöldið sem átti að myrða hann.²⁷ Og samkvæmt þessari kenningu er hægt að útiloka að Andrew Johnson hafi verið viðriðinn morðið á Lincoln.

3.4 Kapólska kirkjan og aðild hennar að morðinu á Lincoln

Það er mjög áberandi í þjóðmálaumræðu nú á tímum að rekja megi ýmislegt sem miður fer til trúarbragða. Þetta er ekkert nýtt, því það má finna ýmsa atburði í sögunni þar sem trúarhópum er kennt um hina ýmsu atburði, oft algerlega án þess að þeir hafi nokkuð til saka unnið. Það var einmitt það sem gerðist þegar Abraham Lincoln var myrtur. Meðal þeirra sem trúðu að kapólska kirkjan ætti aðild að morðinu voru Thomas M. Harris hershöfðingi og fyrrum presturinn Charles Chiniquy, sem þekkti Abraham Lincoln.

Ein af þeim samsæriskeningum sem hafa komið fram um morðið á Lincoln er einmitt sú að kapólska kirkjan hafi leikið stórt hlutverk í því, en sú kenning á rætur í skrifum fyrrum prestsins, Charles Chiniquy. Árið 1886 gaf hann út bók sem heitir *Fifty Years in the Church of Rome*, en þar er því haldið fram að morðið á Abraham Lincoln hafi verið hluti af stóru kapólsku samsæri og að morðið hafi verið framið af amerískum

²⁷ Edward Steers Jr., *Blood on the Moon*, bls. 110-111.

Jesúitum að skipun Piusar IX páfa. Ástæða páfans fyrir því að myrða Abraham Lincoln, samkvæmt Chiniquy, var sú að páfinn hafi óttast amerískt lýðræði. Chiniquy sagðist hafa heimsótt Lincoln í Hvíta húsið þrisvar sinnum og að í eitt skiptið hafi Lincoln trúað honum fyrir því að hann væri í lífshættu vegna hótana Jesúíta, en það finnast engin gögn sem sanna þessi orð Chiniquy.²⁸ Engar sannanir finnast heldur um aðild kaþólsku kirkjunnar að skipulagi ránsins á Lincoln né morði hans. Undir lok 19. aldar benti blaðamaðurinn George Alfred Townsend á það í grein að allir samsærismennirnir hafi verið kaþólskir, og kynti það undir landlæga fordóma í garð kaþólsku kirkjunnar meðal stórs hluta Bandaríkjamanna. Þannig kveikti Townsend upp hatur hjá mörgum, þótt hann hafi haft rangt fyrir sér því það voru aðeins Mary Surrat og John, sonur hennar, ásamt Samuel Mudd sem voru kaþólsk. Það eru til vísbendingar um það að Booth hafi gerst kaþólskur stuttu fyrir þetta allt en það er ekki mikið fjallað um það.²⁹ Mary Surrat, ein af þeim sem var handtekin og ákærð fyrir aðild að morðinu á Lincoln, var strangtrúaður kaþólikki. Sonur hennar, John Surratt, flúði til Ítalíu til að þjóna sem liðsmaður í hersveit páfa á Ítalíu stuttu áður en hann var handtekinn og ákærður fyrir þátttöku í samsærinu um að ræna Lincoln forseta. Eftir það komust sögur á kreik um að samsærið hafi allt verið skipulagt af kirkjunni og Róm.³⁰ Sagnfræðingar, eins og t.d. Thomas R. Turner, hafa hafnað kenningunni algerlega en samt sem áður má sjá skrif um hana í bókum enn þann dag í dag þar sem verið er að kenna kaþólsku kirkjunni um morðið á Lincoln.³¹

3.5 Otto Eisenschiml og Edwin Stanton

Af öllum þeim samsæriskeningum sem komið hafa fram um morðið á Abraham Lincoln, þá stendur ein upp úr, en það er kenning efnafræðingsins Ottos Eisenschimls. Árið 1937 gaf hann út bókina *Why was Lincoln murdered?* Kenning hans var sú að Edwin Stanton, herrmálaráðherra Lincolns, hafi skipulagt morðið á forsetanum og hann hafi síðan haft áhrif á atburðarásina í kjölfar morðsins, allt í þeim tilgangi að auka völd sín í bandarísku ríkisstjórninni. Ef kenning hans er skoðuð nánar þá má sjá að hún er ekki bara ónákvæm og óviðeigandi, heldur er hún ósönn. Gallinn við kenningu

²⁸ William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 235-236.

²⁹ Edwards Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 122.

³⁰ Thomas R. Turner, „What Goes Around Comes Around. Americans Interpret the Lincoln Assassination“, bls. 194

³¹ Thomas R. Turner, „What Goes Around Comes Around. Americans Interpret the Lincoln Assassination“, bls. 194.

Eisenschimls er sá að hann bjó til sögu og staðreyndir sem hjálpuðu til að mynda kenninguna, en menntaður sagnfræðingur veit að til að kenning sé traust þá þarf hún að styðjast við réttar staðreyndir. Kenning Eisenschimls er þó ekki alslæm og ef hann hefði haft fyrir því að finna góðar heimildir fyrir fullyrðingum sínum þá hefði hann hugsanlega getað þróað kenningu sína þannig að hún stæðist. Það er því ekki sannleiksgildi kenningar Ottos Eisenschimls sem hefur haldið nafni hennar á loft, heldur það hversu bók hans varð umdeild og hversu margir trúðu kenningu hans.³²

Otto Eisenschiml hafði mikinn áhuga á bandarískri sögu og skrifaði þó nokkrar bækur um hina ýmsu atburði í sögu Bandaríkjanna. Eisenschiml var fæddur og uppalinn í Vín í Austurríki og útskrifaðist úr háskólanum þar með háskólagráðu að loknu framhaldsnámi í efnafræði (e. *advanced degree in chemistry*). Eftir að hann flutti til Bandaríkjanna árið 1901 gekk honum vel í starfi sem vísindamaður og græddi vel á vinnu sinni, en þó ekki nóg að hans mati. Eftir að hafa unnið við vísindarannsóknir í nokkur ár jókst óánægja hans því að honum fannst sér ekki hafa tekist að ná því markmiði sem hann vildi allra heitast ná, en það var að öðlast frægð. Þá beindust sjónir hans að morðinu á Abraham Lincoln og taldi hann sig geta hlotið heimsfrægð með því að skrifa og gefa út bók um það.³³

Í þætti á bandarísku fréttastöðinni C-Span má heyra og sjá sagnfræðinginn William Hanchett, fyrrverandi prófessor við Kaliorníuháskólann í San Diego, ræða um morðið á Lincoln og þær kenningar sem hann setti fram í bókinni *The Lincoln Conspiracies*. Kallar hann Otto Eisenchiml „the eccentric businessman from Chicago“,³⁴ sem bendir til þess að hann hafi ekki haft mikla trú á sagnfræðipækkingu efnafræðingsins. William Hanchett sviptir einnig hulunni af Otto Eisenchiml í þessari sömu bók, þar sem hann afsannar kenningar Eisenchimls í mun styttra máli en Eisenchiml hafði upphaflega notað til að styðja sitt mál.³⁵

Þegar kenning Eisenchimls er skoðuð má sjá að hann notaði vísindalegar aðferðir til að sanna hana, því að hann spyr spurninga sem aðeins raunvísindamanni dyttu í hug, ekki sagnfræðingi. Eisenchiml er því gott dæmi um ólærðan sagnfræðing sem fylgir aðeins þeim staðreyndum eftir sem styðja hans eigin kenningar, í staðinn fyrir að láta staðreyndirnar leiða sig að sannleikanum.

³² Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 197-199.

³³ William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 158-165.

³⁴ „History Methods and the Lincoln Assassination“, <https://www.c-span.org/video/?109762-1/history-methods-lincoln-assassination&start=130>. Tekin 3. febrúar 2018.

³⁵ William Hanchett, *The Lincoln Murder Conspiracies*.

Bók Eisenhimls, *Why was Lincoln Murdered?*, er yfir 400 blaðsíður að lengd, þar sem hann leggur fram fjöldann allan af röksemdum fyrir máli sínu. Kenningar hans ganga út á það, eins og áður var sagt, að hermálaráðherrann, Edwin Stanton, hafi verið heilinn á bakvið samsærið og að hann hafi skipulagt morðið til að ná völdum í Bandaríkjunum. Aftur á móti eru nær allar sannanir hans skáldaðar eða að hann hagræddi sannleikanum til að styðja við kenninguna sína.³⁶

Otto Eisenschiml byrjar á því að rökræða af hverju Ulysses S. Grant yfirhershöfðingi hers Norðurríkjanna mætti ekki í Ford-leikhúsið þetta örlagaríka kvöld með Lincoln og eiginkonu hans. Stanton á, samkvæmt því sem Eisenhiml fullyrðir, að hafa skipað Grant að mæta ekki á leikritið með forsetanum. Þessar upplýsingar fékk Eisenhiml frá ritara sem átti að hafa verið viðstaddur þegar skipunin á að hafa verið gefin. Markmiðið með skipuninni á að hafa verið það að ef Grant var fjarstaddur þá hafði Lincoln engan mann sem gat verið hann ef ráðist var á hann. Ef Grant hefði verið viðstaddur sýninguna þá hefði það dregið athyglina að stúkunni.³⁷ Upplýsingar Eisenhimls voru alrangar, sem er ekki að furða því að hann talaði við ritarann, David Bates, rúmlega 42 árum eftir atburðinn og Eisenschiml sneri síðan orðum hans alveg við. Sannleikurinn er sá að þessi fundur átti sér stað, en markmið hans var ekki að undirbúa morðið á Lincoln, heldur að fá Lincoln til að aflýsa ferð sinni í leikhúsið. Edwin Stanton vonaðist þannig til þess að ef Grant hætti við að fara í leikhúsið þá myndi Lincoln gera hið sama. Þetta gekk þó ekki eftir því að þó að Grant hafi setið eftir þá fór Lincoln með konu sinni og tveimur öðrum gestum til að sjá leikritið *Our American Cousin*.³⁸

³⁶ Edward Steers Jr., *The Lincoln Assassination Encyclopedia*, bls. 198.

³⁷ Otto Eisenschiml, *Why was Lincoln murdered?*, bls. 54-59.

³⁸ William Hancett, *The Lincoln Murder Conspiracies*, bls. 165.

4. Hvernig endar þessi saga?

„What goes around comes around“, svo hljómar titillinn á grein sagnfræðingsins Thomas R. Turners. Markmið hans með greininni er að sýna fram á þá hringrás sem hann segir að einkennt hafi skýringar Bandaríkjamanna síðustu 150 árin á morðinu á Abraham Lincoln. Að hans mati er þetta besta lýsingin á því hvernig sagan hefur verið túlkuð. Allt frá árinu 1865 þegar Lincoln var myrtur hafa ýmsar kenningar sprottið upp um atburðarásina og það hver stóð í raun og veru á bakvið morðið á 16. forseta Bandaríkjanna. Það tók Norðurríkjamenn ekki langan tíma að álykta það að Suðurríkin hefðu staðið á bakvið morðið, sérstaklega þar sem Booth á að hafa öskrað „sic semper tyrannis“ eftir að hafa myrt Abraham Lincoln, en það var einmitt kjörorð Virginíu-fylkis. Turner telur að þótt Booth hefði ekki sagt neitt, þá hefði grunurinn samt beinst að Suðurríkjunum, enda ályktuðu flestir að þetta væri síðasta hernaðaraðgerð Suðurríkjanna. Það er erfitt að álykta hversu víðtækt samsærið var, þar sem það beindist einnig að William H. Seward ráðherra, auk þess að vart var grunsamlegra mannaferða nálægt hóteli Andrews Johnsons varaforseta. Turner tekur það fram að ef svona atburður hefði gerst nú á 21. öldinni þá tryði því enginn að örfáir einstaklingar hefðu skipulagt morðið, heldur myndu allir álykta að al-Qaeda eða aðrir róttækir hópar væru á bakvið verknaðinn. Samkvæmt Turner hafa sagnfræðingar fundið hundruð skjala sem staðfesta að ofbeldi gegn andstæðingum Lincolns jókst mjög í kjölfar morðsins. Eitt dæmi um það er að maður sem sagði að Lincoln hafi átt það skilið að vera myrtur, en að þeim orðum sögðum var hann skotinn af stuðningsmanni Lincolns.³⁹

Á síðustu 150 árum hafa komið fram ýmsar kenningar um það hver var á bakvið morðið á Abraham Lincoln. Sagnfræðingar og aðrir fræðimenn hafa farið með þessar kenningar í hringi. Turner tekur fyrst fyrir þá kenningu að Suðurríkin hafi staðið á bakvið morðið á Lincoln. Öll þau gögn sem hafa komið fram um Booth og hina samsærismennina styðja það að þeir hafi verið einlægir stuðningsmenn Suðurríkjanna, stutt þrælshald og logið um aðild sína að málinu, og þó svo það sé hægt að álykta það að hann hafi verið verkfæri í höndum Suðurríkjamanna, benda gögnin þó alltaf í þá átt að Booth hafi verið heilinn á bakvið morðið á forsetanum.

Hann fjallar því næst um það hvernig grunur hafi beinst að varaforseta Lincolns, Andrew Johnson, en enn þann dag í dag er skrifað um það að hann hafi verið heilinn á

³⁹ Thomas R. Turner, „What Goes Around Comes Around. Americans Interpret the Lincoln Assassination“, bls. 188-189.

bakvið morðið á Lincoln. Árið 2013 skrifaði t.d. Roger Stone, sem þekktur er fyrir að boða vafasamar samsæriskenningar,⁴⁰ bókina *The Man Who Killed Kennedy: The Case against LBJ*, en þar er því haldið fram að varaforsetinn, Lyndon B. Johnson, hafi skipulagt morðið á John F. Kennedy. Turner nefnir það að ef skoðuð sé sölusíðan á Amazon.com megi sjá að 391 einstaklingur hafi gefið bókinni fimm stjörnur af fimm mögulegum árið 2016. Þegar þessi ritgerð var skrifuð var tala þeirra sem höfðu gefið bókinni umsögn komin upp í rúmlega 740 manns. Í bókinni og víðsvegar um veraldarvefinn, má finna samanburð á morðunum á Abraham Lincoln og John F. Kennedy, þar sem gengið er út frá svipuðum samsæriskenningum. Þar er þó almennt um mjög vafasama sagnfræði að ræða, en þetta sýnir þó að það er til fólk í heiminum sem trúir á slíkar kenningar, þ.e.a.s. að Andrew Johnson hafði skipulagt morðið og að það séu tengsl á milli morðanna á Lincoln og Kennedy, á þann hátt að varaforsetar þeirra beggja hafi staðið að baki morðunum á forsetunum tveimur.

Næst hafa menn beint sjónum að svokölluðu enduruppbyggingartímabili í bandarískri sögu (e. *Reconstruction Era*) og hvernig sagnfræðingar hafa skrifað um það. Fyrirverandi þingmaður Demókrataflokksins í fulltrúadeild Bandaríkjaþings, David M. DeWitt gaf út tvær áhrifamiklar bækur í kringum aldamótin 1900, þar sem hann fjallar um meinta aðild Edwards Stantons hermálaráðherra og róttækra repúblíkana að morðinu á Lincoln. Vildi DeWitt meina að Stanton hafi síðan notað morðið á forsetanum til að ýta undir ótta hjá fólki gagnvart Suðurríkjunum og að til dæmis hafi Mary Surratt verið saklaust fórnarlamb, sem var dæmd til dauða á grundvelli veigalátilla sönnunargagna.

Það var svo Otto Eisenschiml sem fór skrefinu lengra en DeWitt í bókinni *Why was Lincoln Murdered?* en hann gekk út frá því að hinir róttæku repúblíkanar hafi einfaldlega hatað Lincoln það mikið að þeir hafi ákveðið að myrða hann. Um leið og nýjar kenningar koma fram er eins og að fólk sannfærist um sannleiksgildi þeirra og fer að trúa og treysta þeim. Alveg fram á 8. áratug 20. aldar voru menn ennþá að skrifa bækur um kenningu Eisenschimls, og gengu þá yfirleitt út frá því að hún væri sönn.

Þessar kenningar DeWitts og Eisenschimls voru síðan afsannaðar af Thomas Turner, höfundu bókarinnar *Beware the People Weeping*, þar sem áður nefnd grein „What goes around, comes around“ birtist, og af William Hanchett í bók sinni *The Lincoln Murder Conspiracies*, sem kom út árið 1983. Á þeim tíma þegar Turner og

⁴⁰ Maggie Haberman, „Roger Stone, the ‘Trickster’ on Trump’s Side, Is Under F.B.I. Scrutiny“. New York Times, 21. mars 2017. https://www.nytimes.com/2017/03/21/us/roger-stone-donald-trump-russia.html?_r=0. Tekin 26.febrúar 2018.

Hanchett skrifa bækurnar sínar, eru fræðimenn meira að beina sjónum sínum að þeirri staðreynd að morðið á Lincoln hafi ekki verið eitt stórt samsæri heldur hafi það verið hápunkturinn á blóðugu borgarastríði.

Á svipuðum tíma og DeWitt setti fram sína kenningu kom Charles Chiniquy með kenninguna um að kaþólska kirkjan hafi staðið á bakvið morðið. Turner fjallar um það hvernig ennþá er skrifað um þessa kenningu nú á 21. öld og bendir á að henni sé enn trúað af mörgum andstæðingum kaþólsku kirkjunnar. Á 9. áratug síðustu aldar hófst endurskoðun á gögnum um morðið á Lincoln í því skyni að finna pottþéttar staðreyndir um aðdraganda þess og til að afsanna þær mörgu falskenningar sem komið höfðu fram, og henda út æsiskrifum fylgjenda samsæriskenninga, líkt og William Hanchett gerir í sinni rannsókn. Þetta hefur þó ekki kveðið niður allar samsæriskenningar, því þótt svo hafi virst að fræðimenn hafi komist að samkomulagi um staðreyndir og kenningar tengdar morðinu, þá birtast enn skrif sem virðast benda til þess að við séum komin aftur á byrjunarreit. Þannig hafa þeir James Hall, William Tidwell og David Gaddy endurlífgað þá kenningu að áætlunin um að ræna Lincoln, og síðan morðið á honum, hafi verið runnin undan rifjum Jeffersons Davis og annarra Suðurríkjamanna. Í bókinni, *Come Retribution*, benda höfundar á tengsl Booths við Suðurríkjamenn, en vitað er að Booth bjó nálægt þekktum Suðurríkjamanni í Kanada og telja höfundar líklegt að á einhverjum tímupunkti hafi leiðir þeirra legið saman. Höfundarnir hafa viðurkennt að þeir hafi notað óbeinar sannanir (e. *circumstantial evidence*) við ritun bókarinnar, þó þeir haldi fast í að skrif þeirra séu sannleikanum samkvæm. Hér erum við komin á byrjunarreit aftur, segir Turner, eins og fram kemur í heiti áður nefndrar greinar hans. Turner bendir þó á að *Come Retribution* eigi sér mikilvæga fylgjendur, og nefnir þar að sagnfræðingurinn William Hanchett taki vel í þær fullyrðingar sem fram koma í bókinni. Edward Steers Jr. kemst að sömu niðurstöðu í bók sinni *Blood on the Moon*, en hann viðurkennir að þó svo kenning þeirra um aðild Suðurríkjamanna, sem voru búsettir í Kanada, að morðinu sé sannfærandi þá sé hún samt mun veikari en aðrar kenningar sem hafa komið fram um aðild Suðurríkjamanna og það sé mun erfiðara að sanna hana.

Þá kemur að sagnfræðingnum Michael Kauffman, en samkvæmt Turner kemur hann með nýtt sjónarhorn á umræðuna um morðið sem ekki hafi verið fjallað um fræðilega áður. Þar er átt við hina einföldu kenningu um að John Wilkes Booth hafi skipulagt og myrt Abraham Lincoln upp á eigin spýtur. Með komu bókarinnar *American Brutus* árið 2004 fjallar Kauffman beinlínis um það að Booth hafi gert þetta alveg

sjálfur. Þó að Booth hefði hitt Suðurríkjamenn í Kanada á almannafæri, þá hafi það aðeins verið gert til að bendla Suðurríkin við áætlanir sínar.

Turner trúir því að þrátt fyrir að mikil vinna fræðimanna sé lögð í rannsóknir á morðinu á Lincoln, þá verði vafasamar samsæriskenningar lífseigar áfram og þess vegna verði haldið áfram að skrifa um þær. Þar má til dæmis benda á bók fjölmiðlamannsins Bills O'Reillys og rithöfundarins Martins Dugards, *Killing Lincoln*, sem kom út árið 2011 og var í rúmt ár mjög ofarlega á vinsældalista New York Times. Í henni taka O'Reilly og Dugard fyrir kenningu Eisenschiml um að Edwin Stanton hermálaráðherra hafi skipulagt morðið og spyrja þeirrar spurningar hvers vegna samsærismennirnir hafi ekki ákveðið að myrða hann, líkt og þeir höfðu lagt á ráðin um að myrða Andrew Johnson varaforseta og William H. Seward utanríkismálaráðherra. Í lok bókarinnar viðurkennir O'Reilly að Stanton hafi þrátt fyrir allt líklegast ekki verið viðriðinn morðið.

Það sem Turner vill koma á framfæri að þegar einhverjar samsæriskenningar komi fram þá koma alltaf einhverjar efasemdir hjá fræðimönnum og að þá byrji þeir að rannsaka þessar kenningar. Líkt og með bók O'Reilly og Dugard, þá er kenning Eisenschiml tekin fram, og þó svo að þeir viðurkenni síðan að ekki sé hægt að sýna fram á gildi kenningarinnar og að það séu ekki til áreiðanlegar heimildir sem styðja hana. Í bók þeirra er auðveldlega hægt að sjá á þeim staðhæfingum sem þeir setja fram um kenninguna að hún sé ekki trúverðug út frá heimildum, en út frá þessum orðum er ekki endilega hægt að segja að hún sé alvitlaus, bara erfiðari að sanna. Og með því eru þeir að halda lífi í kenningunni og ýta undir frekari rannsóknir hjá fræðimönnum í framtíðinni.

Þrátt fyrir þá hringferð sem Turner vill meina að átt hafi sér stað í umfjöllun manna um morðið á Lincoln er ekki hægt að sjá fyrir hvert sjónir manna muni beinast næst, því ekki sé ólíklegt að fram komi áður óþekktir fletir á þessu umdeilda máli. Þegar Jack Ruby skaut Lee Harvey Oswald, manninn sem myrti John F. Kennedy forseta, þá héldu margir að ástæðan hafi einfaldlega verið sú að einhverjir hafi viljað losa sig við Oswald svo að hann gæti ekki sagt frá öðrum samsærismönnum. Því má alveg líkja við örlög Booths, því hann var myrtur áður en hann var yfirheyrður af yfirvöldum.

Turner endar grein sína á því að segja að erfitt sé að komast að endanlegri niðurstöðu um morðið á Lincoln, því að 150 ár eru liðin frá því að morðið átti sér stað. Því verða sagnfræðingar að átta sig á því að það séu litlar líkur á því að finna nýjar upplýsingar um málið, svona löngu seinna. Af þeim fjórum mönnum sem hefur tekist að

myrða Bandaríkjaforseta, náðist að yfirheyra og dæma tvo þeirra áður en þeir voru teknir af lífi, og má því segja að með hinum tveimur morðingjunum hafi sannleikurinn, um hvers vegna þeir myrtu forsetann og hverjir fleiri áttu aðild að morðinu, dáið með þeim.

Turner telur að það liggi bæði svartsýni og bjartsýni að baki því ef fræðimaður ákveður að rannsaka og skrifa um morðið á Lincoln, því það sé erfitt að sjá hvert hægt sé að beina sjónum að næst. Með hverri rannsókn er alltaf sá möguleiki að einhver finni nýjar sannanir, þótt það sé ekki líklegt að nýjar upplýsingar finnist um málið er þó alls ekki útilokað að ný rannsókn leiði til þess að nýjar sannanir finnist sem leiði til betri skilnings á morðinu á Abraham Lincoln. Þó er hægt að álykta það að fræðimenn eigi frekar eftir að taka skrif og kenningar annarra og rannsaka þær út frá þeim gögnum sem til eru, og haldi því áfram með þessa hringrás sem Turner talar um. Það er samt líka alltaf sá möguleiki að fræðimenn komist að sömu niðurstöðu og aðrir hafi áður komist að, það er að þessar sömu samsæriskenningar sem hafa komið upp á síðustu 150 árum, þó svo að þær hafi áður verið afsannaðar.⁴¹

⁴¹ Thomas R. Turner, „What Goes Around Comes Around. Americans Interpret the Lincoln Assassination“, bls. 188-201.

Niðurlag

Markmið þessarar ritgerðar var að skoða og gera grein fyrir þeim samsæriskeningum sem hafa komið fram á þeim 150 árum sem liðin eru síðan Abraham Lincoln, 16. forseti Bandaríkjanna, var myrtur. Fjallað er um hinar sennilegustu af þeim fjölmörgu samsæriskeningum sem komið hafa fram, en þeim furðulegustu er sleppt, enda eru þær það fjarstæðukenndar að ómögulegt er að færa nokkur rök fyrir þeim.

Þær samsæriskeningar um morðið á Abraham Lincoln sem fjallað er um í ritgerðinni snúa að því hver á að hafa staðið á bakvið morðið á forsetanum, en margar kenningar eru til um það atriði. Í flest öllum fræðibókum er þó gengið út frá því að John Wilkes Booth hafi verið heilinn á bakvið morðið, enda var hann alla tíð mikill stuðningsmaður Suðurríkjanna og hataði Lincoln. Þó er ekki erfitt leggja trú á þá kenningu að leiðtogar Suðurríkjanna hafi átt stóran þátt í morðinu, en ekki er hægt að sýna fram á að þáttur þeirra hafi verið nema óbeinn. Nýlega gaf sagnfræðingurinn Michael W. Kauffman út bókina *American Brutus*, þar sem hann segir að John Wilkes Booth hafi verið einn að verki með nokkrum samsærismönnum, sem allir náðust að lokum. Þetta kallast hin einfalda kenning.

Aðrar kenningar eru ekki jafn trúverðugar. Þar má t.d. nefna kenningu fyrrum prestsins, Charles Chiniquys, um að rómversk-kaþólska kirkjan hafi verið á bakvið morðið á Abraham Lincoln. Litlar sem engar sannanir styðja kenningu hans, en bók hans er samt sem áður enn gefin út og margir trúa því sem í henni stendur. Önnur umdeild samsæriskening hefur birst í verkum Ottos Eisechims. Hann heldur því fram að hermálaráðherra Lincolns, Edwin Stanton, hafi átt stóran þátt í morðinu á forsetanum. Þrátt fyrir heiðarlega tilraun mistókst Eisechiml að sýna fram á sannleiksgildi kenningarinnar, því sem lærður efnafræðingur fór hann þær leiðir sem hann kunni best. Hann setti fyrst fram tilgátu, en lét hana stjórna sér, og leitaði aðeins að heimildum sem studdu kenninguna. Nýtti hann sér jafnvel skáldaðar heimildir, en horfði algerlega framhjá því sem mælti henni mót. Sagnfræðingurinn William Hanchett hefur síðan afsannað kenningu Eisechiml á sannfærandi hátt, enda þótt henni sé af og til enn hampað í vinsælum bókum. Einnig hefur Andrew Johnson varaforseti Abrahams Lincolns verið bendlaður við morðið á Lincoln.

Þegar Abraham Lincoln var myrtur var það fyrsta morð á forseta Bandaríkjanna og eftir það fór morðtilraunum á forsetum Bandaríkjanna að fjölga. Þannig að frá dögum Lincolns hafa þrír aðrir forsetar Bandaríkjanna verðir myrtir og upp á síðkastið hafa

margir lýst því yfir að rétt væri að myrða núverandi forseti Bandaríkjanna, Donald Trump.⁴² Hugsanlega getur það leitt af sér enn fleiri samsæriskenningar og geta þá sagnfræðingar framtíðarinnar skrifað um þær og tengt þær við fyrrum samsæriskenningar um morð og morðtilraunir á bandarískum forsetum.

Það var svo í grein Thomas R. Turner, sem var gefin út í bókinni *The Lincoln Assassination Riddle* sem kom út árið 2016, þar sem hann tók fyrir allar þær kenningar sem hér hefur verið rætt um. Turner talar um endalausar hringrásir eða hjól sem snýst hring eftir hring, en þá í þeirri merkingu að sagnaritun fræðimanna fari í endalausum hringi. Með þessu á hann við að samsæriskenningar, sem búið er að afsanna á einum tíma, birtist mörgum árum, jafnvel áratugum síðar, og þannig fari hugmyndir manna um þennan atburð í hringi.

Hér hefur verið reynt að koma ákveðnum skilningi á framfæri, að það eigi ekki alltaf að trúa öllu sem maður les. Það er hins vegar hægt að segja það að ef Booth hafi bara verið það í mun stærra samsæri, mun enginn í heiminum gleyma leikaranum John Wilkes Booth og deginum þegar hann myrti Abraham Lincoln, 16. forseta Bandaríkjanna.

⁴² Deroy Murdock, „Trump Haters call for Presidential Assassination“
<http://www.nationalreview.com/article/446110/trump-assassination-threats-investigate-prosecute>.
Tekin 4. mars 2018.

Heimildaskrá

Aaronovitch, David, *Voodoo Histories: How Conspiracy Theory Has Shaped Modern History* (London: Vintage, 2010).

Eisenschiml, Otto, *Why Was Lincoln Murdered?* (Boston: Little, Brown and Co., 1937).

Hanchett, William, *The Lincoln Murder Conspiracies: Being an Account of the Hatred Felt by Many Americans for President Abraham Lincoln during the Civil War and the First Complete Examination and Refutation of the Many Theories, Hypotheses, and Speculations Put Forward since 1865 Concerning Those Presumed to Have Aided, Abetted, Controlled, or Directed the Murderous Act of John Wilkes Booth in Ford's Theater the Night of April 14* (Bloomington: University of Illinois Press, 1983).

Hillstrom, Kevin og Hillstrom, Laurie Collier, *American Civil War. Biographies* (Detroit: UXL, 2000).

Kauffman, Michael W., *American Brutus. John Wilkes Booth and the Lincoln Conspiracies* (New York: Random House, 2004).

Kline, Michael J., „The Baltimore Plot: Was John Wilkes Booth Involved in the First Conspiracy to Assassinate Lincoln“, *The Lincoln Assassination Riddle. Revisiting the Crime of the Nineteenth Century*, Frank J. Williams og Michael Burkheimer sáum um útgáfuna (Kent: Kent State University Press, 2016), bls. 1-18.

Jones, Maldwyn A., *The Limits of Liberty. American History 1607–1992* (Oxford: Oxford University Press, 1995).

Steers Jr., Edward, *Blood on the Moon. The Assassination of Abraham Lincoln* (Lexington: University Press of Kentucky 2005).

Steers, Edward Jr., „John Wilkes Booth's Confederate Connection“, *The Lincoln Assassination Riddle. Revisiting the Crime of the Nineteenth Century*, Frank J. Williams og Michael Burkheimer sáum um útgáfuna (Kent: Kent State University Press, 2016), bls. 19-33.

Steers Jr., Edward, *The Lincoln Assassination Encyclopedia* (New York: Haper Collins, 2010).

Turner, Thomas R., „What Goes Around Comes Around: Americans Interpret the Lincoln Assassination“, *The Lincoln Assassination Riddle. Revisiting the Crime of the Nineteenth Century*, Frank J. Williams og Michael Burkheimer sáú um útgáfuna (Kent: Kent State University Press, 2016), bls. 188-201.

Netheimildir

Burlingame, Michael, „Abraham Lincoln: Life in Brief“, UVA Miller Center, <https://millercenter.org/president/lincoln/life-in-brief>. Skoðað 3. mars 2018.

„Edward Steers Jr.“, Library of Congress, 7. mars 2002, <https://www.loc.gov/loc/lincoln/steers-bio.html>. Skoðað 31. janúar 2018.

„Gresham’s Law“, George Selgin, EH.net, <https://eh.net/encyclopedia/greshams-law/>. Skoðað 24. febrúar 2018.

Haberman, Maggie, „Roger Stone, the ‘Trickster’ on Trump’s Side, Is Under F.B.I. Scrutiny“. New York Times, 21. mars 2017, https://www.nytimes.com/2017/03/21/us/roger-stone-donald-trump-russia.html?_r=0. Tekin 26.febrúar 2018.

„History Methods and the Lincoln Assassination“, C-Span, 3. ágúst 1998, <https://www.c-span.org/video/?109762-1/history-methods-lincoln-assassination&start=130>. Skoðað 3. febrúar 2018.

McPherson, James, „A Defining Time in Our Nation’s History“, <https://www.civilwar.org/learn/articles/brief-overview-american-civil-war>. Skoðað 27. mars 2018.

Murdock, Deroy, „Trump Haters call for Presidential Assassination“, 25. mars 2017, <http://www.nationalreview.com/article/446110/trump-assassination-threats-investigate-prosecute>. Skoðað 4. mars 2018.